

NORÐURLJÓŠ

Fréttabréf Norðuráls

1. tbl. 31. janúar 2012. Ritstjórar: Raket Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson, Brian D. Marshall og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.

Stóriðjuskóli Norðuráls settur í fyrsta sinn

Fimmtudaginn 5. janúar sl. var Stóriðjuskóli Norðuráls settur í fyrsta sinn á Grundartanga. Norðurál rekur skólann í samstarfi við Fjölbrotarskóla Vesturlands á Akranesi og Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Námskrá skólans er viðurkennd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Mjög mikill áhugi er meðal starfsmanna á hinum nýja skóla. Það eru 32 einstaklingar sem hefja nám núna í janúar en 79 sóttu um skólavist. Námið er þrjár annir og munu fyrstu nemendurnir útskrifast í apríl 2013. Það var Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls sem setti skólann formlega við hátíðlega athöfn.

Brian D. Marshall



Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls, undirritar samstarfssamning um Stóriðjuskólann með Atla Harðarsyni skólastjóra Fjölbrotarskóla Vesturlands og Ingu Dóru Halldórsdóttur forstöðumanni Símenntunarmiðstöðvar vesturlands.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk

Góður árangur náðist í öryggismálum á nýliðnu ári. Umbætur voru gerðar víða í verksmiðjunni, svo sem endurbætur á vinnuþöllum, öryggislínur voru settar upp á þökum, nýjar gönguleiðir voru merktar og öryggismerkingar víða bættar. Fjarveruslysum fækkaði á milli ára, en á árinu 2009 voru þau níu, þrjú árið 2010 en í fyrra varð eitt fjarveruslys sem þó er einu of mikið. Á síðasta ári hófst þjálfun starfsmanna í öruggu atferli og í upphafi þessa árs fóru fyrstu línurit kjarnateymanna að birtast á töflum víða um verksmiðjuna. Ég hef miklar væntingar til þessa verkefnis þar sem starfsmenn styðja hvern annan, fylgjast með nærumhverfinu með tilliti til öryggismála og hvetja hvern annan áfram í öruggum vinnubrögðum. Nú þegar árið 2012 er runnið upp höfum við á ný sett okkur háleit markmið í öryggismálum en það er að gera vinnustaðinn

okkar slysalausan. Því markmiði munum við starfsmenn Norðuráls ná í fyllingu tímans. Framleiðslan gekk mjög vel árið 2011 og bættum við okkur á flestum sviðum rekstursins. Fyrst ber að nefna að framleiðsla ársins var sú mesta í sögu álversins en alls framleiddum við rúmlega 280 þúsund tonn. Þessu til viðbótar náðum við mjög góðum árangri í nýtingu forskauta og raforku. Þá var unnið markvisst að endurfórðrun kera og alls endurnýjuðum við 151 ker á árinu, sem er það mesta á einu ári frá upphafi. Í umhverfismálum náðist mjög góður árangur í að stytta tíma á spennurisum og lækkaði rislengdin um mínútu frá fyrra ári. Innleiðing áreiðanleikaviðhalds og 5-S kerfa í húshaldi hefur haldið áfram og svona mætti lengi telja. Góður árangur í framleiðslu næst ekki nema með mikilli og metnaðarfullri vinnu allra starfsmanna Norðuráls. Við getum því öll glaðst

og verið stolt af þessum frábæra árangri. Árið 2011 var tileinkað heilsunni og við munum áfram leggja áherslu á að efla heilbrigði starfsmanna hjá Norðuráli þó heilsuárinu sé formlega lokið. Við ætlum nú að beina athyglinni á annað spennandi markmið en það er að efla liðsheild milli hópa og starfsmanna Norðuráls. Árið 2012 verður því tileinkað eflingu liðsheildarinnar. Verkefnishópur sem mun stýra liðsheildarínunni hefur tekið til starfa og ég er þess fullviss að hann mun ná frábærum árangri í að efla samvinnu, gagnkvæma virðingu og samheldni starfsmanna Norðuráls. Verkefnishópurinn er kynntur nánar í þessu blaði. Að lokum vil ég óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gleðilegs árs bæði í starfi og leik.

Kær kveðja, Gunnar Guðlaugsson

Ný velferðarnefnd

Margar góðar hugmyndir voru kynntar á starfsdegi þann 11. nóvember síðastliðinn þegar sex vinnuhópar, þar með talin framkvæmdastjórn, komu saman til að ræða hvernig mætti gera góðan vinnustað enn betri. Ein þeirra hugmynda sem þar kom fram var að endurskipuleggja velferðarnefndina. Hlutverk velferðarnefndar er að huga að velferð og vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum bæði með fyrirbyggjandi aðgerðum og með því að vera til staðar fyrir starfsmenn sem vilja leita til nefndarinnar vegna erfiðra samskiptamála, eineltis og þess háttar.

Auglýsing, þar sem óskað var eftir nýjum meðlimum í nefndina, var hengd upp um allt svæðið í desember. Það var afar ánægjulegt að sjá hve margir sýndu áhuga á því að starfa með nefndinni en alls sóttu 14 starfsmenn um. Ný nefnd hefur nú tekið til starfa en í henni eru: Adam Finnsson í efnisvinnslu, Anna Þórðardóttir



Svava Hrund Einarsdóttir, Adam Finnsson, Brian Daniel Marshall, Sigurður Bachman, Helgi Björn Hjaltested og Anna Þórðardóttir.

starfsmaður í steypuskála, Brian D. Marshall fræðslustjóri, sem verður formaður nefndarinnar, Helgi Björn Hjaltested á D-vakt í kerskála, Sigurður Bachman á A-vakt í steypuskála og

Svava Einarsdóttir starfsmaður í kerstýringu. Nefndin mun kynna sig nánar á næstu vikum fyrir starfsmenn.

Rakel Heiðmarsdóttir

Framkvæmdir í Steypuskála

Nú standa yfir framkvæmdir í steypuskála. Þar er verið að koma upp nýrri skrifstofuaðstöðu og kaffistofu. Þetta eru langbráðar framkvæmdir þar sem húsnæðið var orðið úr sér gengið. Auk þess var rýmið of þröngt og lítið, enda í upphafi gert ráð fyrir fjórum starfsmönnum á vaktinni en þeir eru nú tólf. Í þessu húsnæði var einnig upphaflega til húsa rannsóknastofa fyrirtækisins fram til ársins 2006, en vélvirkjar steypuskálans höfðu síðan aðstöðu í húsnæði rannsóknarstofunnar þegar hún var færð.

Það er verktakafyrirtækið K 16 sem sér um framkvæmdirnar og er áætlaður framkvæmdatími 6-8 mánuðir. Útveggir og loft hafa verið tekin niður en byrjað er að reisa aftur. Verkefninu miðar vel áfram.

Ádalheiður Skarphéðinsdóttir



Lokið sem viðkomandi skar sig á en fliparnir geta haft egg hvassar brúnir.

Notkun hanska er nauðsynleg

Því miður varð skráningarskyllt óhapp hjá okkur í janúar þegar starfsmaður var að ganga frá rusli. Hann hafði verið að mála inni í kerskála og var að ganga frá eftir sig. Hann var að taka til á borði, greip nokkra hluti og setti þá í plastkar fyrir blandað rusl. Í karinu voru t.d. lok af málningardósnum, ónýtir penslar og rúllur, umbúðir og pappi. Hann skarst á vísifingri hægri handar þegar hann ýtti tveimur ónýtum penslum og plastumbúðum ofan í karið og þrýsti á eftir þeim. Skar hann sig á hvassri brún á loki af málningardós sem var ofan í karinu. Starfsmaður var með geitaskinnshanska. Líklegt er að hanskarinn hafi verið þess valdandi að skurðurinn var ekki dýpri en raunin varð á og því er góð vísa aldrei of oft kveðin, að starfsmenn noti hanska við vinnu sína til að koma í veg fyrir hverskyns slysi á höndum og fingrum.

Hanskar vernda starfsmenn fyrir:

- hvössum hlutum
- rafstraumi
- brunasárum
- öðrum hugsanlegum meiðslum
- og óhreinindum

Sínum hvort öðru umhyggju og verum dugleg að hvetja hvort annað við að nota hanska við okkar daglegu störf

Trausti Gylfason öryggisstjóri

Lagerinn hjartað í fyrirtækinu

Ég held það megi segja að lagerinn sé hjartað í fyrirtækinu. Hingað eiga allir erindi og sérstaklega er það á morgnana sem mikið er að gera hjá okkur hérna á lagernum. Þá eru iðnaðarmenn og aðrir á hinum starfsstöðvum fyrirtækisins að undirbúa daginn. Einn stærsti kosturinn fyrir okkur sem vinnum á lagernum er mannlegi þátturinn, að kynnin við starfsfólk á öðrum stöðvum fyrirtækisins eru meiri en milli annarra deilda," segir Baldvin Grétarsson lagerstjóri.

Baldvin hefur starfað hjá Norðuráli frá því að fyrirtækið tók til starfa 1998 en hann var þá nýkominn frá Bandaríkjunum þar sem hann bjó um tíma. Hann er pípulagningarmaður frá Akureyri og eitt síðasta verk hans þar var að leggja lagnir undir göngugötuna. Fyrsta árið sem Baldvin vann hjá Norðuráli var hann liðsstjóri á B-vakt í kerskála, en svo byrjaði hann að starfa á lagernum og hefur unnið þar síðan. „Þetta var allt minna í sniðum þá, enda ekki nema 60 þúsund tonna ársframleiðsla. Þá voru við bara tveir og þrír á dagvakt og vaktstjórnir fengu aðgang að lagernum á nóttunni. Þetta hefur vaxið gríðarlega síðan og þetta er mikið umfang og í dag starfa um átta starfsmenn á lagernum. Auk mín eru þrír á dagvakt og fjórir á vöktum.“

Baldvin segir að lagerstarfsmenn sjái um utanumhald varahluta, hráefna og fatnaðar. „Allir varahlutir eru afgreiddir hjá okkur, einnig



Fjórir af starfsmönnum á lagernum: Sigríður Rafnsdóttir, Búi Vífilsson, Sigurjón Sigurðsson og Baldvin Grétarsson.

járn og smíðaefni. Við afgreiðum hráefnið og erum með hráefnisgeymslur hérna austur á svæðinu, kerfóðrunarefni og flúor. Það má segja að fari allt í gegnum okkur nema súrálið. Nýir starfsmenn og sumarafleysingafólk leggur leið

sína til okkar áður en það byrjar að vinna. Við fötum það upp og svo þegar fatnaðurinn slitnar þá kemur fólk og fær nýjar flíkur í stað þeirra gömlu og slitnu," segir Baldvin Grétarsson lagerstjóri.

Ár liðsheildar

Árið 2012 er tileinkað liðsheild. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að vinnustaðagreiningin sem framkvæmd var í fyrra leiddi í ljós að á meðan starfsmenn upplifa almennt sterka liðsheild innan sinna starfseininga þá finnst þeim að skorti betri liðsheild á milli starfseininga. Jafnframt leiddi vinnustaðagreiningin í ljós að starfsmenn töldu sig oft þurfa betri skilning og þekkingu á störfum sem unnin eru í öðrum deildum.

Tilgangur árs liðsheildar er tvíþættur:

- 1) Efla samvinnu og góð samskipti milli starfseininga og starfsmanna Norðuráls.
- 2) Auka þekkingu og skilning starfsmanna á hlutverki allra starfseininga fyrirtækisins og þeim störfum sem þar eru unnin.

Markmið með liðsheildarárinu eru þessi: Að efla liðsheild, samheldni og virðingu og stuðla að aukinni starfsánægju.

Þann 13. janúar síðastliðinn tók til starfa verkefnishópur fyrir liðsheildarárið. Í hópnum eru: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir (Alla) í



Frá vinstri talið: Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun, Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Sigurður Árnason, Franz A. Pétursson, Birna Björnsdóttir, Jakob Ingi Helgason og Ingibjörg Barðadóttir. Á myndina vantar Guðjón Frey Gunnarsson.

steypuskála (hópstjóri verkefnishópsins), Birna Björnsdóttir í kerstýringu, Frantz Pétursson á kranaverkstæði, Guðjón Frey Gunnarsson í kersmiðju, Ingibjörg Barðadóttir í bókhaldi, Jakob Ingi Helgason í skautsmiðju og Sigurður Arnar Árnason sem starfar

á farartækjaverkstæðinu. Með hópnum starfar jafnframt Eyþór Eðvarðsson sem er vinnusálfræðingur, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun. Meðfylgjandi mynd var einmitt tekin á fyrsta fundi hópsins.

Rakel Heiðmarsdóttir

Lífshlaupið 2012



Á taksverkefnið Lífshlaupið hefst í fimmta sinn á landsvísi miðvikudaginn 1. febrúar næstkomandi. Í fyrra tók Norðurál þátt í fyrsta sinn og voru u.þ.b. 120 starfsmenn sem tóku þátt frá Norðrali og skiptust þeir í 14 lið. Átakið stóð yfir í þrjár vikur og var það Helguvíkurlíðið, Víkingur, sem fór með sigur af hólm og náði mestri hreyfingu á meðal Norðrálafólks. Farandbikarinn kom því í hlut starfsmanna Helguvíkur.

Í ár verða tveir bikarar veittir. Einn fyrir fjölda skráðra hreyfidaga hjá liði og annar fyrir fjölda skráðra hreyfiminútna hjá liði (reiknað hlutfallslega miðað við fjölda í liði)

Eftirfarandi reglur gilda í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins:

Hverjir eru gjaldgengir þátttakendur?

Allir geta tekið þátt í Lífshlaupinu.

Hvernig á að stofna lið?

Hvert lið er með liðstjóra sem skráir liðið sitt til leiks en eftir að liðin hafa verið stofnuð geta starfsmenn skráð sig í liðin sín. Einnig geta liðstjórar skráð starfsmenn sjálfir inn í liðin og séð um að skrá hreyfingu fyrir þá.

Hver er hámarks fjöldi í liði?

Hámarks fjöldi í hverju liði er tíu. Ef fleiri en tíu starfsmenn ætla að taka þátt þarf að stofna nýtt lið undir vinnustaðnum. Munið að velja Norðurál þegar þið eruð að skrá ykkar lið!

Hvað má skrá?

Skrá skal alla miðlungserfiða eða erfiða hreyfingu sem stunduð er utan vinnutíma. Til þess að fá einn



dag skráðan þarf að hreyfa sig að lágmarki í 30 mínútur sem skipta má upp í nokkur skipti yfir daginn, t.d. 10-15 mínútur í senn.

Hvernig skal skrá hreyfingu?

Einungis er hægt að skrá hreyfingu í keppnina tíu daga aftur í tímann og því mikilvægt að skrá hreyfinguna jafnt og þétt á meðan á keppni stendur.

Hvað má ekki skrá?

Ekki er heimilt að skrá þá hreyfingu sem felst í starfi einstaklinga. Til dæmis ef einstaklingur

vinnur við það að bera út póst átta klukkustundir á dag er honum ekki heimilt að skrá átta klukkustundir í göngu fyrir þann dag.

Framlag hvers og eins telur!

Í anda almenningsíþróttar er leikurinn byggður upp þannig að framlag hvers og eins hjálpar til. Ef starfsmaður skráir einn dag þá telur það. Allt er betra en ekkert. Gangi ykkur vel.

Brian D. Marshall fræðslustjóri

Líkamsræktarkort 2012

Í mannauðsstefnu Norðrál er lögð áhersla á hreytti og heilsuefingu og hún hvetur starfsfólk til að stunda heilsusamlegt lífveri. Þó Heilsuárinu sé nú formlega lokið munum við skipuleggja nokkra fyrirlestra og viðburði á þessu ári til að styðja við starfsmenn okkar og fjölskyldur þeirra í heilsuefingu sinni.

Norðurál hefur samið um afslátt af verði líkamsræktarkorta fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra (maka og börn) við íþróttamiðstöðvarnar



á Akranesi, í Borgarnesi og í World Class. Því til viðbótar niðurgreiðir Norðurál hluta af verði hvers líkamsræktarkorts fyrir fasta starfsmenn. Verðin á

líkamsræktarkortunum eru nokkuð mismunandi og eru útlustuð í töflunni hér fyrir neðan. Kort með afslætti eru einungis seld í gegnum Mannauðssvið Norðrál. Ef starfsmenn vilja njóta afsláttarkjaranna er ekki hægt að kaupa kortin beint af íþróttamiðstöðvunum. Starfsmenn geta pantað kort hjá mannauðssviði (nordural@nordural.is) hvenær sem er og upphæðin er síðan dregin af næstu launagreiðslu til starfsmanns.

Fastir starfsmenn

Afleysingamenn og fjölskyldur starfsmanna

	Fastir starfsmenn	Afleysingamenn og fjölskyldur starfsmanna
Íþróttamiðstöðin Akranesi Jaðarsbökkum	13.525 kr.	22.725 kr.
Íþróttamiðstöðin Borgarnesi	17.050 kr.	26.250 kr.
World Class	46.608 kr.	55.808 kr.

Verð með afslætti miðast við verðskrá íþróttamiðstöðvanna 1. janúar 2012. Athugið að verðin geta hækkað ef breytingar verða í verðskrá íþróttamiðstöðvanna.

Stundum er maður heppinn stundum ekki

Eins og greint var frá í Heilsuársblaði Norðurláls, sem út kom í byrjun desember, átti Daníel Stefán Halldórsson á D vakt í kerskála vinningsmyndina í ljósmyndasamkeppni sem LjóNa,

er mjög ánægður með þá vél. Ég er ekki eins duglegur og ég vildi að fara eitthvert ákveðið til að taka myndir, en ég tek myndavélina með í öll ferðalög. Ég hef ekki eitt



ljósmyndaklúbbur Norðurláls, gekkst fyrir í tilefni Heilsuársins. „Verðlaunamyndin kom til í útskrift hjá vinkonu minni. Ég sá speglunina í gleraugunum og smellti af. Það sem skiptir máli er staðsetningin og ljósið, stundum er maður heppinn og stundum ekki,” sagði Daníel í samtali við Norðurljóls. Daníel segir áhuga sinn á ljósmyndum hafa þróast mjög mikið. Hann hafi farið frá því að taka myndir algveg yfir í að búa til og þróa og prófa eitthvað nýtt listaverk. „Ég á Nikon d300 vél og

upphalds myndefni, þau eru öll mjög skemmtileg,” segir Daníel.



Frá afhendingu styrksins til Mæðrastyrksnefndar Vesturlands. Ljós. Porkell Porkelsson.

Styrkur til mæðrastyrksnefndar

Starfsmenn og stjórnendur hjá Norðurláls færðu Mæðrastyrksnefnd á Vesturlandi myndarlegt framlag fyrir jóla. Hluti framlagsins kom frá starfsmönnum sem söfnuðu peningum með þátttöku sinni í „ganga.is” sem var verkefni á vegum UMFÍ og kom inn á Heilsuári Norðurláls. Starfsmenn gátu valið hvaða félagi þeir ánöfnuðu sínu framlagi og margir völdu einmitt mæðrastyrksnefnd og söfnuðu þannig talsverðu fjármagni fyrir þetta þarfa verkefni með hollri hreyfingu og útiveru. Norðurláls mætti síðan áheitanum með viðbótar fjármagni. Heildarframlag til mæðrastyrksnefndar var hálf milljón króna. Það var glatt á hjalla hjá fulltrúum Mæðrastyrksnefndar á Vesturlandi þegar stjórnendur Norðurláls og fulltrúar starfsmanna komu færandi hendi.

Vinningshafi í myndagátunni

Í síðasta tölublaði Norðurljósa birtist hin árlega myndagáta sem samin er og teiknuð af Birni Jóhannessyni formanni farartækjaverkstæðisins. Ýmsum þótti gátan þung að þessu sinni og einungis fimm starfsmenn sendu inn lausnir. Lausn gátunnar var þessi: „Margir tóku þátt í heilsuátaki Norðurláls á árinu sem er að líða.” Allar lausnirnar sem bárust voru réttar og var því vinningshafinn dreginn út. Að þessu sinni var það Fjalar Vigfússon á A-vakt í kerskála sem hlaut vinninginn (2 bíómiða með poppi og kók). Ritstjórn Norðurljósa óskar Fjalari til hamingju með vinninginn.



Rafmagnsleysi á Grundartanga í janúar

Það fór ekki framhjá neinum að rafmagnslost varð hér á Grundartanga þriðjudagskvöldið 17. janúar í riflega þrjá klukkutíma. Orsök bilunarinnar var í tengivirkni við Brennimel. Mjög vont veður hafði verið í næstum heilan sólarhring og stíf vestanátt sem blés salti frá sjónum. Saltið hlóðst utan á einangrara í spennuvirkni sem endaði með því að straumur hljóp yfir þá og skammhlaup urðu. Aðstæður til að hreinsa saltið voru erfiðar og því tók viðgerð langan tíma. Þetta orsakaði að um kl. 18:30 misstum við straum af kerlinu 2 og rétt fyrir kl. 19 af kerlinu 1. Þegar fyrstu tilraunir Landsnets við að koma orkuafhendingu aftur á báru ekki árangur, var gripið til hefðbundinna aðgerða og dyrum

og lúgum á kerskálum lokað til að lágmarka varmatap. Starfsfólk var í viðbragðsstöðu og Norðurláls aðstoðaði einnig starfsmenn Landsnets við þeirra vinnu með því að útvega tæki og mannskap. Um klukkan 22 kom rafmagn aftur á en aðeins um 60% af því sem við notum venjulega. Strax var farið í að keyra upp báðar kerlínurnar. Starfsfólk fylgdist náið með kerjum og sinnti eftir þörfum. Full orka fékkst ekki fyrr en um kl. 6 morguninn eftir og þá var hafist handa við að keyra línurnar í full afköst. Vegna þess hve lengi rafmagnsleysið varði voru ker óstöðug í uppkeyrslunni og því voru afköstin keyrð upp rólega og brugðist við þeim frávikum sem upp komu. Við rafmagnsleysið komu líka

upp smávægilegar bilanir í stoðkerfum, t.d. súrálskerfum og í skautsmiðju. Úr því leysti starfsfólk fljótt og vel. Engin óhöpp eða slys á fólki urðu við uppkeyrslu á kerskálunum. Fáeinum dögum síðar vorum við komin í full afköst á báðum línunum. Þegar þessi orð eru skrifuð höfum við ekki ennþá misst neitt ker og starfsemin er að færast í hefðbundnar skorður. Ég vil koma á framfæru kæru þakklæti til starfsfólks Norðurláls á Grundartanga sem stóð sig gríðarlega vel við þessar erfiðu og óvæntu aðstæður. Hópurinn vann fumlaut og sem ein heild að því að leysa þau verkefni sem upp komu. Við getum sannarlega verið stolt af árangrinum.

Gunnar Guðlaugsson

Spurning dagsins

Lastu bók um jólin?

Í þá gömlu góðu daga Trúnaðarmenn

Áð sinna trúnaðarmálum getur verið annasamt og ljúandi. Myndin sem tekin var í byrjun árs 2005 sýnir trúnaðarmenn og starfsmenn Norðuráls sem stóðu í samningum við fyrirtækið. Lengi var vakað og þrefað fram og til baka í húsnæði sáttasemjara þar til samningar náðust. Á myndinni lengst til hægri eru Kristín Ármannsdóttir þáverandi formaður verkalýðsfélagsins Harðar í Hvalfjarðarsveit. Félagið rann síðar inn í Stéttarfélag Vesturlands þegar það var stofnað. Kristín var í upphafi starfsmaður á B-vakt í kerskála hjá Norðuráli. Næstur henni er Ásgeir Jónsson sem var lengi starfsmaður á C-vakt í kerskála og trúnaðarmaður starfsmanna. Þar næst er Kjartan Jónsson starfsmaður á D-vakt í



kerskála og þá Erla Leifsdóttir sem lengi var ritari á skrifstofu og trúnaðarmaður fyrir starfsmenn sem voru í VR. Fyrir aftan þau stendur Vilhelm Jónsson sem í dag er

vaktstjóri A-vaktar í steypuskála en hann var á tímabili trúnaðarmaður starfsmanna í steypuskála.

Trausti Gylfason



Daniel Þorgeir Arnarson A-vakt kerskála: Nei það gerði ég ekki. Ég er ekki bókaumaður.



Brynjar Freyr Gunnarsson A-vakt kerskála: Já, ég les mikið bækur.



Bryndís R. Jónsdóttir, skrifstofu: Já ég las enska bók, Hunger games.



Guðfinna Indriðadóttir skrifstofu: Byrjaði að lesa Gamlingjann fyrir jólin og kláraði hana.



Jón Elías Jónsson A-vakt kerskála: Nei ég var svo mikið að gera heima hjá mér og svo lentí ég í veikindum.

Málhornið

Milli steins og sleggju

Sá sem er sagður milli steins og sleggju er væntanlega í miklum vanda, jafnvel í bráðri hættu. Stundum er komist svo að orði við slíkar aðstæður að menn séu á milli tveggja elda. Sótt er að þeim úr tveimur áttum. Hvorugt getur talist góð staða. Jón er milli steins og sleggju; konan hans krefst þess að hann vinni meira til að afla aukinna tekna en lækurinn segir honum að hann verði að minnka við sig vinnu eigi hann að halda heilsu. Samlíkingin er ekki aðeins notuð um einstaklinga heldur einnig þegar rætt er

um alþjóðamál, innlend stjórnmal eða fjármál svo einhver dæmi séu nefnd: Um aldir hefur Pólland verið milli steins og sleggju, enda hafa Rússar og Þjóðverjar löngum eldað grátt silfur. Þarna væri ekki síðra að nota orðið milli tveggja elda. Steingrímur er milli steins og sleggju; andstæðar fylkinga takast á í hans eigin flokki. Peningastefnunefnd Seðlabankans er á milli steins og sleggju; Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins krefjast þess að stýrivextir verði lækkaðir. Orðatiltækið þekktist til forna. Í

riddarasögu frá 13. öld segir að þegar herlið hafði verið króað af: Nú erum vér komnir milli steins og sleggju. Líkingin er úr járnsmíðum, þegar steinn var notaður sem steðji til að hamra á heitt járn. Fyrrum var harðfiskur einnig barinn á steini. Talað er um að vera eins og lúbarinn fiskur.

Hefur þrautir af hvoru tveggju; hausverkjum og gigt. Erfitt er milli steins og sleggju að standa sína plikt.

Einar Sigfússon.
Trausti Gylfason

Hver er?

Brian Marshall fræðslustjóri Norðuráls varð í 4. sæti í vali á manni ársins á Rás 2 fyrir áramótin. Brian fékk þessa glæsilegu kosningu vegna starfa sinna í þágu Heilsuárs Norðuráls.

Nafn: Brian Daniel Marshall.
Starf: Fræðslustjóri.

Fæðingarsstaður, -dagur: Pembroke, Kent í Englandi. 9. október 1971.

Fjölskylduhagur: Eiginkona og fjórar dætur.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? Apríl 2008.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Að vera með fjölskyldunni og að kenna í Háskólanum í Reykjavík.

Aðaláhugamálið? Ég er virkur í foreldra- og skólamállum á Akranesi, er að stúdera hvernig við

lærum og háværkum hæfni okkar

Uppáhalds matur? Bakaðar kartöflur, grilluð kjúklingabringa og salat.

Uppáhalds drykkur? London Pride og vatn með klaka.

Ertu hjátrúafull/ur? Alls ekki.

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Afana og langafana mína, til að skilja betur gildisamt og viðhorf foreldra minna. Það hefði einnig verið athyglisvert að kynna Steve Jobs (Apple Computers).

Uppáhalds sjónvarpsefni? Inspector Morse og Lewis.

Besta bókin sem þú hefur lesið? Illusions, Ímyndir á íslensku, eftir Richard Bach; Beyond Winning (The Timeless Wisdom of Great Philosopher Coaches) eftir Gary M. Walton.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? R.E.M.

(Hljómsveit) og Þjóðlagatónlist.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Sund
Lýstu þér í þremur orðum? Skapandi, leiðtogi og gefandi.

Fallegasti staður á Íslandi? Eymundsson í Austurstræti (inni!)

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Að fara aftur til Ástralíu.

Framtíðarplön? Bæta mig í hlutverki föður og eiginmanns. Kynnast betur Zen-Buddhisma. Halda áfram að stöðja við fræðslu og þjálfun starfsmanna Norðuráls og mennta mig meira.



Bónusinn

Skv. kjarasamningi fá starfsmenn greiddan bónus um hver mánaðamót. Bónusinn skiptist í þrjá grunnþætti, þ.e. í öryggisbónus (2,95%), umhverfisbónus (4,90%) og rekstrarbónus (3,40%). Bónusinn getur numið allt að 11,25% af grunnlaunum, vaktalági og yfirvinnu.


Á árinu 2011 var heildarárangur vegna bónuss 8,75% að meðaltali af 11,25% mögulegum sem er 78% árangur. Besti árangurinn náðist

í öryggisbónusnum (91% árangur) en mestu tækifærin eru í umhverfisbónus þar sem náðist 66% árangur. Má þar nefna sérstaklega tækifæri í að lækka ristíðnina þar sem árangurinn var einungis 33%. Annað tækifæri til að hækka umhverfisbónusinn liggur í afteknum þekjum. Fyrir hvert skautskiptagengi mega 4-6 þekjur vera opnar hverju sinni eftir því hvort verið er að skipta um skaut við risil eða ekki. Umhverfisbónus vegna aftekinna þekja skilaði

einungis 48% árangri árið 2011. Starfsmenn eru hvattir til að hafa ætíð sem færast þekjur opnar við skautskipti til að lágmarka losun frá kerinu. Nýtt ár býður upp á ný tækifæri og vonandi tekst starfsmönnum að hækka bónus sinn verulega á þessu ári með enn betri árangri í öllum þeim þáttum sem bónusinn mælir. Á meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit yfir niðurstöðu bónuss í hverjum mánuði fyrir sig árið 2011.

Rakel Heiðmarsdóttir

Bónusarárangur kjarasamningsfólks 2011



Öruggt atferli

Á síðustu vikum hafa línuritinn frá kjarnateymunum vegna öruggs atferli óðum verið að koma upp á töflur. Þegar þetta er ritað hafa allar vaktirnar í kerskálunum birt sín línurit, en reyndar var það B-vaktin sem reið á vaðið fyrst af öllum í verksmiðjunni. Í kerfóðrun eru línuritinn komin upp, sömuleiðis í efnisvinnslunni og á kranaverkstæðinu. Framkvæmdastjórn hefur birt árangur sinn og

fleiri stjórnendahópar eru að fara af stað. Miklar væntingar eru gerðar til þessa verkefnis og vonumst við til að allir hópar verði farnir af stað fyrir mánaðarmót janúar/febrúar.

Trausti Gylfason



Vilhjálmur Sigurðsson vélvirki að færa inn á línuritið.

Veiðivötn

Hin árlega Veiðivatnaferð Norðurlás verður dagana 18. – 21. júlí.

Eins og áður er takmarkað framboð af stöngum eða um 12 stykki. Verðið er 24.000 kr. á stöngina í 3 daga plús gisting í Stóra sal sem er um 4.500 kr. fyrir 3 nætur. Greiðslu veiðileyfis og gistingar þarf að vera lokið fyrir 1. mars.

Upplýsingar og skráning er hjá Sigpóri í síma 6969544





Mér finnst frábært að vera hér Spjallað við Magneu Rán í Helguvík

Einn af tengiliðum milli Norðurlás á Grundartanga og starfsstöðvar Norðurlás í Helguvík, er Magneu Rán Guðlaugsdóttir.

Magnea er Njarðvíkingur og hún flutti heim til Íslands fyrir nokkrum árum og þá aftur til Njarðvíkur. Magnea nam í Fjölbrotarskóla Suðurnesja og fór þaðan í

Tækniskólann. Núna segist hún vera að dúlla sér með vinnunni í Háskóla Íslands þar sem hún nemur viðskiptafræði í fjarnámi.

„Starf mitt hjá Norðurlá í mjög fjölbreytt. Titill minn er „fulltrúi á starfsmannasviði“ og ég hef unnið hjá Norðurlá síðan 1. febrúar 2008. Byrjaði hér sem sagt korter í hrun fyrir næstum fjórum árum. Ég bjó í Stavanger í Noregi í nokkur ár og kunn þar ágætlega við mig. Ég vann hjá olíufyrirtækinu Halliburton. Það fyrirtæki sérhæfir sig í

öllu „frá vöggju til grafar“ eins og þeir orða það sjálfir, forsvarsmenn fyrirtækisins. Fyrirtækið er með sérfræðinga á öllum stigum allt frá því þegar leitað er eftir olíu og þar til borpalli er lokað.

Vann hjá tómstundaráðinu á Vellinum

Eftir að ég kom heim vann ég hjá tómstundaráði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og sá um starfsmannamál fyrir hermenn og maka þeirra sem störfuðu á Vellinum. Tómstundaráð varnarliðsins var rekið til að hermenn gætu gert eitthvað fyrir utan vinnutíma. MWR rak 21 lítil fyrirtæki m.a. Officera klubbinn, Top of the Rock, bíó, leikfímishús, sundlaug, keilusal, leikskóla, ferðaskrifstofu og margt fleira. Þar var oft mikið fjör og starfsmannaveltan há, einfaldlega vegna þess að hermenn voru venjulega hér á landi í 90 daga til þrjú ár, þannig að við vorum aldrei með sómu starfsmenn lengi.“

- Hvernig líst þér á þig í Helguvík? Er ekki fagnaðarefni að nú er þessi málarekstur á enda og væntanlega fer eitthvað meira að gerast en hingað til?

„Mér finnst frábært að vera hér. Vildi samt óska að þetta gengi aðeins hraðar fyrir sig þannig að fleiri væru komnir með vinnu og fyrirtækið og þjóðfélagið farið að „græða“ á okkur þannig að við séum ekki bara kostnaður.“

Ferðaðist mikið

- Hver eru áhugamálin og hvað er það sem þú ert að sýsla svona fyrir utan vinnuna?

„Fyrir utan vinnu á ég það til að fara í ræktina, í sund eða labba og heimsækja vinkonur mínar. Mér finnst mjög gaman að lesa og á það til að detta í bækur. Mér finnst gaman að ferðast og hef ferðast þó nokkuð. Þegar að ég var yngri fór ég m.a. til München í Þýskalandi til að læra þýsku, vann síðan

í Finnlandi, Færeyjum og Noregi á sumrin þegar ég var í fjölbrotarskóla. Ég á eina 19 ára gamla stelpu sem heitir Katrín Arndís. Hún er núna búin að taka við af mömmu sinni við að ferðast mikið.

- Eru þið að gera eitthvað saman þarna í Helguvík, einhverjar óvissuferðir, fjallaferðir eða eitthvað slíkt? „Eins og þekkt er var 2011 Heilsuár hjá Norðurlá og við Víkingarnir hér í Helguvík tókum okkur til og unnum keppnina, Lífshlaupið. Við vorum líka

mjög dugleg að hvetja hvort annað áfram að stunda heilsurækt. Óvissuferðir eru á vegum fyrirtækisins en þá sameinast skrifstofumenn Norðurlás frá mismunandi starfsstöðvum, Helguvík, Grundartanga og Reykjavík. Í fyrra var hún farin á Suðurnes. Við spiluðum að sjálfsgöðu körfubolta og fórum í Bláa Lónið. Strákarnir hér eru duglegir að fara í fjallaferðir og fleira slíkt, en ég er alls ekki fjallageit. Ég myndi eflaust fara á fjöll ef ég þyrfti bara að labba niður þau.“



Niðurstaða gerðardóms Norðurlá í vil

Sá atburður síðasta mánaðar sem stendur upp úr er að niðurstaða fékkst í gerðardómsmáli Norðurlás og HS Orku vegna orkusölusamnings fyrir álverið í Helguvík. Gerðardómsmálið fjallaði um tvö megin efni. Annars vegar hélt HS Orka því fram að skuldbindingar samkvæmt samningnum væru ekki lengur í gildi og hins vegar var ágreiningur um ákveðna þætti í útfærslu samningsins. Málareksturinn tók alls um 17 mánuði sem var lengri tími en búist var við. Fyrir hönd Norðurlás ráku málið lögmenn frá lögfræðifyrirtækinu Jones Day í Bandaríkjunum, auk Logos á Íslandi. Dómaramir voru frá Bandaríkjunum, Kanada og Englandi. Málið var flutt í Reykjavík í maí 2011. Gerðardómurinn komst að þeirri niðurstöðu að orkusölusamningur aðila sé í fullu gildi, og að HS Orka sé skuldbundin til að afhenda Norðurlá þá raforku sem samningurinn tilgreinir í samræmi við skilmála hans. Niðurstaða gerðardómsins er ánægjuleg og er nú vonast til þess hægt verði að koma framkvæmdum í Helguvík á fullan skrið sem allra fyrst.

Torfi Dan Sævarsson
Aðstoðar verkefnisstjóri
Norðurlál Helguvík Project

Öryggishornið

